



DALVÍKURBYGGÐ

2013

# Matsskýrsla og úrbótaáætlun Krílakots

Ábyrgðarmaður: Drífa Þórarinsdóttir  
Ritstjóri: Drífa  
Myndir: Ýmsir aðilar innan skólanna  
Júní 2013

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Leikskólinn Krílakot      Gleði – Sköpun – Þor .....	2
Sýn og forysta .....	2
Nám, kennsla og námsumhverfið.....	4
Sameiginlegt mat þvert á leikskólana.....	5
Öryggi .....	5
Mannauður .....	8
Rekstur.....	11
Foreldrar .....	11
Stjórnunarhættir.....	12
Samstarf við aðra skóla og stofnanir .....	13

### Inngangur

Mat á skólastarfi er mikilvægur þáttur í framþróun í skólastarfi og tengist markmiðum og áætlunum. Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan. Mat skal gert með hliðsjón af lögum, reglugerð og Aðalnámskrá leikskóla. Sérstaklega skal gera grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum matsins. Það er mikilvægt að átta sig á hvernig við stöndum, hvernig við vitum það og hvað við ætlum að gera næst. Hér má sjá mat á skólaárinu 2012-2013, hvað er lagt til grundvallar matinu, niðurstöður og úrbótaáætlun.

### Sýn og forysta

Mat á einkunnarorðum skólans og sýn kennara. Meta hvar og hvernig einkunnarorð skólans birtast í námsáætlunum deilda og í vinnulagi kennara. Innleiðing Aðalnámskrár leikskóla.

*Skilgreining á einkunnarorðum skólans:* Í öllu starfi leikskólans skal lögð áhersla á einkunnarorð skólans sem eru: gleði, sköpun og þor. Allt starfsfólk skólans svarar spurningalista um hvernig einkunnarorðin birtast í starfinu, hvað er vel gert og hvað má fara betur.

**Niðurstaða :** Starfsfólk benti á:

Sköpun - birtast í sköpun í vinnu með börnunum og/eða í frjálsum leik.

Fjölbreyttur efniviður. Sköpun út frá eigin forsendum.

Gleði- birtist í samskipum við börnin hjá flestum, sýna áhuga á því sem börnin eru að gera. Tónlistin veitir gleði og sköpun.

Þor - ögra börnunum

Börnunum virðist líða vel. Það mætti taka umræðu oftari um einkunnarorðin og fyrir hvað þau standa í starfsmannahópnum. Það má bæta að starfsfólk fari eftir fyrir mælum yfirmanna með bros á vör. Það mættu sumir bæta sig í að bjóða uppá frjálsa sköpun.

**Úrbótaáætlun:** Fara yfir einkunnarorð skólans á skipulagsdegi í haust, hvað þau standa fyrir og hvers er ætlast til af starfsfólki í vinnu með börnunum.

### Innleiðing Aðalnámskrár

Mat á innleiðingu lýðræðis og jafnréttis. Gerð jafnréttisáætlunar í mótun. Mat var gert á því hvernig lýðræði birtist í skólastarfinu með börnunum, starfsfólki og foreldrum. Mat fór fram á fundum þar sem unnið var úr hugmyndum kennara um hvað við gerum vel og hvað má betur fara ef litið er til jafnréttis og lýðræðis.

**Niðurstaða:** Innleiðing Aðalnámskrár gengur vel og áætlun verður haldið. Það sem betur má fara ef litið er til jafnréttis var t.d. að gefa börnunum meira val s.s. þó verkefni séu skipulögð af kennurum geta þau tekið óvænta stefnu fyrir tilstilli barnanna, áhuga þeirra og eigin hugmynda um verkið. Ekki þarf að vera um stór verkefni að ræða heldur einmitt að leyfa þeim að hafa áhrif á litlu hlutina sem við gerum daglega „Viltu mála með þekjulit eða vatnslit“ eða „Hvort má bjóða þér að fara í flíspeysuna eða þrjónapeysun“ o.s.frv. Varðandi starfsmannahópin skiptir lýðræði miklu máli við áætlanagerð. Þó svo gróf áætlun sé gerð um ákveðin þemu eða verkefni er það svo kennarans að velja sér verkefni í tengslum við það. „Í dag er læsi og þá ætlar einn kennari að lesa bók um tilfinningar og svo ætla allir að teikna mynd af sér og hvernig þeim líður en hinn kennarin notar leikbrúður og segir börnunum sögu af stúlku sem leið illa af því allir voru svo vondir við hana en að endingu eignaðist hún vin og sagan fékk farsælan endi og stúlkan brosti út að eyrum“. Hver og einn kennari vinnur á sinn hátt með sama viðfangsefnið sem í þessu tilfelli var tilfinningar.

**Úrbótaáætlun:** Halda áfram á sömu braut en jafnframt taka þátt í þróunarverkefni á innleiðingu jafnréttis með tilliti til námsefnis og efniviðar sem er í boði fyrir börnin. Dæmi um spurningu „Hefur það áhrif á efnivið, námsefni og verkefnaval að aðeins konur starfa við skólann?“. Það verður gaman að skoða þetta ásamt fleiru. Setjum gleraugun á nafið er heiti verkefnisins.

Auk þróunarverkefnis verður haldið við innleiðingaráætlun Krílakots og er það „Samþætt og skapandi leikskólastarf - læsi og samskipti“ sem er verkefni haustsins 2013.

## Nám, kennsla og námsumhverfið

Mat á velgengni og árangri skólans. Mat á námsumhverfinu, kennslunni og því námi sem fram fer í Krílakoti. Allt starfsfólk skólans tekur þátt í könnuninni nema matráðar. Markmið með fyrirlögn ECERS kvarðans er að auka gæði í starfinu með börnunum enda snýr matið að hinum ýmsu hliðum skólans og starfsins í heild sinni.

**Ecers:** Ecers kvarðinn er mælitæki til að meta starfsemi leikskóla.

**Niðurstaða:** Fimmtán starfsmenn tóku þátt í könnuninni sem eru allir fastir starfsmenn sem vinna með börnunum nema tveir sem voru í veikindaleyfi.

Niðurstaða var góð en til útskýringa þá eru 37 þættir starfsins metnir og er hæsta mögulega tala 7. Meðatal var 5.3 sem er nokkuð gott. Það voru tveir starfsmenn sem virtust hafa aðra sýn á skólann en hinir 13 og virðast þeir vera óánægðari með starfið í heild sinni. Enginn þáttur skoraði mikið lægra en aðrir nema kannski sá þáttur að lítið rými er fyrir rólegan leik í litlum hópum.

**Úrbótaáætlun:** Farið var yfir niðurstöður með starfsfólki og greint var hvað þeir sáu að betur mætti fara. Lögð var áhersla á að skipuleggja vel nýtingu á húsnæðinu, nýta öll rými til að auka lýkur á rólegum leik og að börnin geti fengið tækifæri til að leika sér í litlum hópum. Mat starfsfólks var á þá leið að það væri í höndum þeirra sjálfra að lagfæra það sem betur má fara því oft velta vandamál á skipulagi og að hver og einn starfsmaður sinni þeim verkum sem honum ber og fara eftir skipulagi. Ecers verður lagður aftur fyrir árið 2015

## Skipulag

Mat á dagskipulagi, mánaðarskám og skóladagatali.

**Áætlanir og skipulag:** Áætlað er að mánaðarskrár komi út um hver mánaðarmót. Kanna skal hvort það sé gert og á réttum tíma. Skóladagatal er metið eftir hvert ár og útbúið nýtt í samráði við aðra skóla Dalvíkurbyggðar fyrir hvert skólaár. Foreldraráð hefur umsögn með skóladagatali. Dagskipulag helst oftast eins nema hugmyndir að nýju skipulagi komi fram. Haustið 2012 fór nýtt dagskipulag í notkun. Námsáætlanir eru gerðar fyrir hverja önn.

**Niðurstaða:** Ákveðið var að halda sama fyrirkomulagi á skipulagi á vorönn. Mánaðarskrár og skóladagatal var tilbúið á tilsettum tíma, starfsfólk og foreldraráð fór yfir skóladagatal og kom með athugasemdir og ábendingar.

Námsáætlanir voru nýttar til að halda utan um starfið með börnunum og eru þær aðgengilegar foreldrum á vef skólans.

**Úrbótaáætlun:** Á skóladagatali 2013-2014 voru breytingar frá fyrra ári en einn starfsmannafundur er skipulagður að morgni þ.e. og opnaði kl 12:15 í stað þess að loka 12:15 og hafa fundinn eftir hádegi eins og hefur við. Ástæðan var að það hentaði betur skipulagi leikskólanna að þessu sinni. Skoða skal hvort starfsmannafundir verði framvegis tveir fyrir hádegi og tveir eftir hádegi á skólaárinu 2014-2015. Það fyrirkomulag jafnar stöðu foreldra en hingað til hafa aðeins heilsdagsforeldrar misst tíma en aldrei foreldrar morgunbarnanna. Einnig jafnar það stöðu starfsfólks en hingað til hafa kennarar í styttra starfshlutfalli fengið yfirvinnu greidda fyrir fundi en ekki starfsfólk sem vinnur allan daginn. Þetta skilar því einnig bættum fjárhag með minni launaðri yfirvinnu.

## Sameiginlegt mat þvert á leikskólana

Einn námsþáttur metinn á ári. s.s. Leikskólalæsi, uppeldi til ábyrgðar, Tónar og Grænfánaverkefni eða annað. Ákvörðun um hvaða þáttur er metinn er ákveðinn í sameiningu.

Þátttaka foreldra í skólastarfi s.s fundir, heimsóknir og viðburðir: Ákveðið var að meta hvað foreldrum finnst um þátttöku í viðburðum hjá skólunum. Spurt var á foreldrakönnun hvort foreldrar teldu viðburði þar sem þeir eru hvattir til þátttöku vera hæfilega margir, of margir eða of fáir.

**Niðurstaða:** Flestir töldu viðburði hæfilega marga.

**Úrbótaáætlun:** Fjöldi viðburða og funda verða með sama sniði á skóladagatali 2013-2014

## Öryggi

Mat á öryggisþáttum er varða skólann

**Dagleg lóðaskoðun:** starfsfólk leikskólans fer yfir lóðina á hverjum morgni áður en börnin fara í útiveru. Skráð er niður hvort eitthvað finnst á lóðinni eða einhverjar skemmdir hafa orðið yfir lokunartímann. Þetta er krafa frá heilbrigðiseftirlitinu.

**Niðurstaða:** Oft þurfti starfsfólk að fjarlægja rusl af lóðinni, einu sinni var brotin rúða þegar starfsfólk mætti til vinnu en annars voru ekki unnar skemmdir á neinu.

**Úrbótaáætlun:** Lóðaskoðun mun fara fram eins og áður, skráð hvað finnst og hvort skemmdir eru á útisvæði og úrbætur strax og þörf er á.

**Árleg úttekt á leikvelli:** Árlega skal taka út leikvelli á vegum sveitarfélagsins og á vegum heildbrigðisstofnunar norðurlands. Séu framkvæmdir á leikvöllum eða breytingar skal leita frekari úttektar.

**Niðurstaða:** Leiksvæðið við Krílakot var tekið út af Heilbrigðiseftirliti norðurlands og barst skýrsla til þeirra er málið varðar. Einhverjar ábendingar bárust um hvað mætti betur fara sem var tekið til skoðunar af leikskólastjóra og framkvæmdadeild og það lagfært. Úttekt á vegum sveitarfélagsins var ekki gerð og ekki fengin aðkeypt úttekt en ákveðið að sú úttekt færi fram þegar verkinu yrði formlega lokið.

**Úrbótaáætlun:** Steinar voru fjarlægðir og rósir færðar til. Steinar voru einnig slípaðir til, staurar málaðir og járn á bát. Leikskólalóðin er nær tilbúin en vegna snjóþunga skemmdist öll girðingin hringin í kringum leikskólann sem kallar á áframhaldandi vinnu. Leikskólastjóri hefur hitt starfsmenn framkvæmdardeildar og þeir eru í viðræðum við smið til að lagfæra girðingu og hliðin.

**Vinnuaðstaða kennara og barna:** Meta skal reglulega vinnuaðstöðu kennara og barna og lagfæra og bæta eftir þörfum.

**Niðurstaða:** Valdís iðjupjálfi kom vorið 2012 og tók út starfsaðstöðu kennara áður en hún fór í fæðingarorlof og voru fengnir nýjir (notaðir frá bæjarskrifstofunni) skrifborðsstólar í kjölfarið þar sem hinir voru allir ónýtir í vinnuaðstöðu kennara. Nú er Valdís komin aftur til starfa og þarf að ljúka mati á starfsaðstöðu bæði barna og kennara.

**Úrbótaáætlun:** Óska eftir Valdísi til frekara mats á skólaárinu 2013-2014.

**Eldvarnaráætlun og æfingar:** Brunæfingar skulu vera á hverri önn. Yfirfara skal brunakerfið á hverju hausti. Allir starfsmenn skulu vera meðvitaðir um rýmingaráætlun og þekkja hlutverk sitt í því ferli. Slökkviliðsstjóri tekur út skólann á hverju starfsári.

**Niðurstaða:** Brunæfingar voru á haust og vorönn samkvæmt skóladagatali og fengum við einnig aukaæfingu vegna hita frá bakaraofni sem kom kerfinu í gang. Páll rafvirki tók út brunakerfið. Slökkviliðsstjóri tók út skólann og fengum við ábendingu um að þegar farið verður í framkvæmdir þarf að setja annarskonar vegg og að mikilvægt er að halda útgönguleiðum færum þó svo það hafi verið erfitt í vetur, vegna snjópunga.

**Úrbótaáætlun:** Endurskoða þarf eldvarnaráætlun á komandi skólaári og passa að allir starfsmenn séu meðvitaðir um rýmingaráætlun og hlutverk sitt. Skoða hvernig mögulegt er að halda öllum útgönguleiðum opnum sem frekast er unnt þegar snjór er mikill eins og veturinn 2013-2014.

**Eineltisáætlun og eftirfylgni:** Einelti í Krílakoti er ekki liðið og skal starfsfólk tilkynna til deildarstjóra, skólastjóra eða Eineltisteymis Dalvíkurbyggðar liggja grunur á því að starfsmaður verði fyrir einelti af einhverju tagi. Eineltisteymi kynnir áætlun sína og störf eftir þörfum, ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti.

**Niðurstaða:** Eineltisteymi dalvíkurbyggðar kynnti starfsemi sína og eineltisáætlun Dalvíkurbyggðar árið 2012. Niðurstaða könnunar meðal starfsfólks gefur til kynna að einhver upplifi áreiti eða einelti en þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar um mikilvægi þess að koma fram er enginn sem hefur lagt fram kvörtun eða tilkynnt að á sér hafi verið brotið. Samskipti í skólanum eru góð þegar á heildina er litið en upp hafa komið samskiptavandamál sem unnið er með nú þegar. Starfsmannasamtöl hafa verið nýtt til að kanna líðan starfsfólks.

**Úrbótaáætlun:** Eineltisteymi kynnir starf sitt árið 2014 og verður árleg könnun meðal starfsfólks nýtt til að kanna hvort einhver hefur orðið fyrir einelti. Starfsmannasamtöl eru árleg og verða einnig nýtt til að kanna frekar líðan starfsmanna.

**Slysaskráning og forvarnir:** Markviss slysaskráning hefur verið til fjölda ára í Krílakoti. Öll slys skal skrá, smá sem stór og fyllir starfsfólk út sérstakt slysaskráningarblað sem síðan er varðveitt og í lok hvers árs er farið yfir fjölda skráninga, hvar slysin urðu, hvernig þau urðu og afleiðingar og unnið að úrbótaáætlun.

**Niðurstaða:** Átak var gert í slysaskráningu, sérstaklega með tilliti til nýja útisvæðisins til að kanna hvort slys yrðu fleiri eða færri en áður. Farið var yfir slysaskráningar aftur í tímann, farið yfir niðurstöður og gerður samanburður milli



ára. Niðurstaðan var á þá leið að ekki urðu fleiri alvarleg slys en áður hafði verið. Reyndar voru skráningar aðeins fleiri en það var vegna þess að ákveðið var að skrá allt til að sjá hvort einhver staður á lóðinni orsakaði fleiri skrámur og mar en aðrir.

**Úrbótaáætlun:** Engin þörf á úrbótum vegna slysaskráningar en það var sameiginleg ákvörðun starfsfólks að fækka samt sem áður smásteinum þar sem börnin eru lítil, setja jafnvel grjótt í munninn og falla um smágrjótt á grasi eða lenda á þeim í leik í hólunum. Viðbúnaðaráætlun varðandi jarðskjálfta var gerð sökum fjölda jarðskjálfta á svæðinu og útbúnir sjúkrakassar á hverja deild auk þess sem farið var vel yfir vinnureglur með starfsfólki.

**Áfallaáætlun:** Áfallaáætlun á að vera til við skólann, hún yfirfarin reglulega og passað uppá að allt starfsfólk þekki áætlunina og hlutverk sitt.

**Niðurstaða:** Á árinu missti eitt barn foreldri sitt svíplega. Í kjölfarið var ákveðið að gera áfallaáætlun svo allar stofnanir bregðist við á svipaðan hátt og ákveðið vinnuferli sé til svo enginn þáttur gleymist ef áfall verður.

**Úrbótaáætlun:** Áætlunin er tilbúin og skulu allir starfsmenn lesa hana árlega til upprifjunar.

## Mannauður

Áætlun um hvernig við mætum þörfum nemenda, foreldra og starfsfólks.

**Starfsfólk:** Móttökuáætlun og starfsmannahandbók . Starfsmannakönnun að vori. Tölulegar upplýsingar úr Bakverði um mætingu, veikindi og leyfi starfsfólks. Starfsmannasamtöl að vori. Þátttaka starfsfólks í mótun skólasamfélagsins, námi og kennslu, með hópavinnu. Lýðræðis gætt við ákvarðanatökur s.s. hugmyndakassi og atkvæðagreiðsla.

**Móttökuáætlun nýrra starfsmanna:**

**Niðurstaða:** Móttökuáætlun er í mótun og hefur verið prufukeyrð.

**Úrbótaáætlun:** Ljúka gerð áætlunar og koma henni í fastan farveg. Leikskólastjóri og deildarstjóri sjá um að taka á móti nýju starfsfólki og skipta með sér verkum.

**Starfsmannahandbók:**

**Niðurstaða:** Starfsmannahandbók er að hluta tilbúin.

**Úrbótaáætlun:** Ljúka gerð starfsmannahandbókar og gera áætlun um að allir starfsmenn lesi á ári hverju til upprifjunar.

**Starfsmannakönnun:** Dalvíkurbyggð

**Niðurstaða:** Starfsmannakönnun kom vel út og farið var yfir niðurstöður með öllu starfsfólki skólans og hvatt var til umræðu um niðurstöður. Samskiptapátturinn virðist þarfnast einhverra úrbóta.

**Úrbótaáætlun:** Engin sérstök þörf á úrbótaáætlun en starfsfólk hvatt til að leita til deildarstjóra, leikskólastjóra eða eineltisteymis Dalvíkurbyggðar finni þeir fyrir vanlíðan í starfi. Könnun verður aftur gerð árið 2014.

**Ánægjukönnun meðal starfsfólks:** Könnun á vegum öryggisvarðar og öryggistrúnaðarmanns, útfært af vinnuvernd.

**Niðurstaða:** Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður stóðu fyrir ánægjukönnun vorið 2013. Niðurstöður voru á svipuðum nótum og starfsmannakönnun á vegum Dalvíkurbyggðar. Samskiptapátturinn virtist þarfnast einhverra úrbóta.

**Úrbótaáætlun:** Starfsfólk hvatt til að hafa samband við deildarstjóra, skólastjóra eða td. eineltisteymis finni það fyrir vanlíðan í starfi. Ánægjukönnun verður gerð ár hvert á vorönn.

**Tölulegar upplýsingar úr bakverði,** mæting, veikindi og fjarvera

**Niðurstaða:** Fjarvera starfsfólks var 9,97% eða nær 10%. Það telst nokkuð eðlilegt en samt í hærri kantinum en samkvæmt vinnuvernd eru fjarverur allt frá 2% uppí 15%. Frá júní 2012-júní 2013 voru fimm starfsmenn frá starfi vegna langtímaveikinda, ss aðgerða, heilsuátaki á Kristnesi, andlegra veikinda, meðgöngu og fjarvera vegna aðstæðna á heimili. Þetta hækkaði prósentuna verulega. Veikindi barna og starfsfólks þ.e. umgangspæstir voru í lágmarki.

**Úrbótaáætlun:** Ekki þörf á neinum aðgerðum nema hvetja fólk til að skiptast á við maka ef mögulegt er varðandi veikindi barna og hvetja fólk til að vera ekki að taka sér LL leyfi nema í neyð.

**Starfsmannasamtöl,** samtöl við allt starfsfólk ár hvert

**Niðurstaða:** Starfsmannasamtöl voru frá mars - júní árið 2013. Allir starfsmenn fóru í samtal og voru þau nýtt til umræðu um líðan og gengi í starfi. Niðurstaða var á þá leið að starfsfólkinu virðist líða vel í vinnunni og sátt við sitt hlutverk. Samskiptabátturinn virðist þarfnast einhverra úrbóta en þó er ekki um nein alverleg samskiptavandamál að ræða heldur þörf á að fólk sýni virðingu og að skilja að það er ekki endilega að fólk komi allt við. Það er mikilvægt að gefa fólk svigrúm til að hafa persónuleg málefni fyrir sig, að starfsfólk sinni verkum sínum og sé metnaðarfullt.

**Úrbótaáætlun:** Rætt var við starfsfólkið um mikilvægi góðra samskipta og að í Krílakoti vinna allir saman sem einn. Regluleg samtöl eru við starfsmenn sem hafa átt við samskiptaörðugleika að stríða til að fylgjast með stöðu mála.

**Pátttaka starfsfólks í mótun skólasamfélagsins, Lýðræði, fundir og hópavinna**

**Niðurstaða:** Settir voru í gang hópar um ákveðin verkefni, læsi, grænfána, uppeldi til ábyrgðar og mat á skólastarfi. Hóparnir hittust reglulega yfir veturinn og fóru yfir stöðu mála í skólanum og skráðu hugmyndir um hvernig framhaldið gæti orðið.

**Úrbótaáætlun:** Áframhaldandi vinna á skólaárinu 2014 og lögð fram matsskýrsla og kynnt á fundi með öllum kennurum.

**Nemendur**

**Proskalýsingar:** Fylla skal út þroskalýsingu fyrir hvert barn reglulega yfir árið og fundað með foreldrum allra barna á vorönn og kynnt fyrir þeim staða barnsins.

**Niðurstaða.** Proskalýsingar fyrir öll börn voru fyllt út og fundað með öllum foreldrum. Engar athugasemdir bárust varðandi þroskalýsingar og lýstu foreldrar ánægju sinni yfir að gögnin flytjast áfram með börnunum milli skólastiga.

**Úrbótaáætlun:** Halda áfram sama striki og halda vel utan um allar skráningar.

**EFI:** Málþroskapróf gert á öllum börnum á aldrinum 3,1 - 3,7 ára.

**Niðurstaða:** Fjórir kennarar skólans fór á námskeið til að öðlast réttindi til að nota EFI málþroskapróf við greiningu á málþroska barna á ákveðnu aldursbili. Öll börn sem aldur höfðu til fóru í Kátakot vorið 2013 - 25 börn fóru í prófið. Niðurstaðan var að öll börnin komu vel út nema þrjú tvítyngd börn sem ekki voru tilbúin og gátu ekki lokið prófinu. Það voru sex tvítyngd börn í hópnum og komu hin þrjú mjög vel út og stóðu jafnfætis jafnöldrum sínum.

**Úrbótaáætlun:** Öll börn sem aldur hafa til fara í málþroskapróf að hausti, í október, og aftur að vori áður en þau flytjast í Kátakot. Niðurstöður fylgja börnunum áfram með öðrum gögnum um gengi og þroska.

**Málörvun:** Úthlutað var 25% starfshlutfall í markvissa málörvun árið 2012-2013 til að mæta 28% fjölmenningu í Krílakoti. Daglega fóru þau börn sem mesta þörf höfðu fyrir málörvun í tíma með kennara þar sem málörvun fór fram í gegnum leik, spil og leiki. Ákveðinn tími fór í að útbúa hugtakalista til að styðjast við í málörvunartímum, að greina hversu víðtækar kröfur eru gerðar á börnin þ.e. hvaða hugtök þau þurfa að læra til að taka þátt í leikskólastarfinu. Einnig var gerður hugtakalisti yfir hvað skiptir mestu máli að kunna á heimilinu og í umhverfinu, hugtök sem börnin læra ekki endilega í daglegu lífi í leikskólanum og foreldrar eru ekki að kenna heima enda eru foreldrar hvattir til að tala sitt tungumál við börnin á heimilinu. Áfram verður unnið með markvissa málörvun á komandi vetri en það eru um 20% barna af erlendum uppruna skólaárið 2013-2014.

## Rekstur

### Nýting leikskólalássa

Mætingar barna á ársgrundvelli

**Niðurstaða :** Nýting á leikskólalássum var um 90% að meðaltali sem er í takt við mætingu starfsfólks en fjarvera þeirra er um 10%. Leikskólalífið er því nokkuð í takt þó svo sumir dagar sé auðveldari eða erfiðari en aðrir.

**Úrbótaáætlun:** Halda skráningu áfram og gera samanburð árlega.

### Fjármál

Mat á stöðu fjármála ár hvert.

**Niðurstaða:** Ári 2012 var rekstur skólans innan þessa ramma sem fékst til rekstursins. Staðan apríl 2013 var góð en óskað hefur verið eftir fjármagni til að mæta langtíma veikindum starfsfólks vegna aðgerða og heilsuátaks.

**Úrbótaáætlun:** Gera sitt besta til að halda fjárhagsramma og finna leiðir til lausna.

## Foreldrar

Foreldrakönnun að vori. Mat á mætingu á foreldrafundi, mætingu á viðburði og aðkomu foreldra að skólasamfélaginu. Foreldrasamvinna, foreldrafélag og foreldraráð. Foreldrasamtöl - einstaklingsmiðuð- þroskalýsingar fylltar út hjá öllum börnum.

## Foreldrakönnun

**Niðurstaða:** Foreldrakönnun var gerð í apríl 2013. Niðurstöður voru góðar og virðist vera að foreldrar séu nokkuð ánægðir með leikskólann. Samt sem áður fengum við ábendingar um hvað mætti fara betur sem við tökum til greina og höfum þegar gert úrbætur.

**Úrbótaáætlun:** Eitt af því sem upp kom var að foreldrum fannst þurfa að virkja heimasíðuna betur. Ákveðið var að efla þann þátt og uppfæra heimasíðu reglulegar. Passa að upplýsingar berist foreldrum og frá foreldrum til starfsfólks, allir að skrá í dagbók.

**Foreldraráð :** fundað að minnsta fjórum sinnum á ári. Leggja fyrir skóladagatal og breytingar á námskrá eða skipulagi skólans.

**Niðurstaða:** Fundað var fjórum sinnum með foreldraráði og leitað álits á skóladagatali og ýmsum viðburðum tengdum foreldrum. Einnig leitað eftir samstarfi til að ljúka lóðinni þ.e. að skreyta hana með fánum, blómum og litum.

**Úrbótaáætlun:** Halda sama striki.

**Foreldrafélag:** Funda með foreldrafélagi að minnsta einu sinni á ári.

**Niðurstaða:** Fundað vara með foreldrafélagi og foreldraráði í maí 2013 og leitað eftir samstarfi til að ljúka lóðinni þ.e. að skreyta hana með fánum, blómum og litum.

**Úrbótaáætlun:** Halda sama striki.

## Stjórnunarhættir

Hversu góð stjórnun er í skólanum. Niðurstöður starfsmannakönnunar hvað stjórnun varðar. Stjórnendafræðsla eins og mögulegt er og mat á því verkefni.

**Niðurstaða:** Leikskólastjóri var í stjórnendafræðslu frá Bifröst og tók 3 námskeið : Siðfræði, Mannauðstjórnun og Örugg tjáning. Deildarstjórar fóru ásamt leikskólastjóra á fyrirlestur um jafnrétti á vegum jafnréttisstofu á vorönn 2013. Niðurstaða starfsmannakönnunar leiddi í ljós ánægju með stjórnun skólans. Misjafn var hvernig starfsfólki fannst að leita til deildarstjóra án frekari skýringa en í flestu falli fannst starfsfólki þeir taka á málum fljótt og vel.

**Úrbótaáætlun:** Farið yfir niðurstöður könnunar í starfsmannasamtali og farið yfir hve mikilvæg góð samskipti eru og hafa lýðræði í stjórnun. Einnig farið yfir með öllu starfsfólki að stundum séu það stjórnendur sem þurfa að taka ákvörðun sem ekki fellur öllum í geð en allir hvattir til að segja sína skoðun þrátt fyrir það, þó svo ekki verði breyting á endanlegri niðurstöðu mála. Markmið að efla jákvæðni og starfsgleði með góðu upplýsingaflæði og lýðræði í ákvarðanatökum, s.s. með hugmyndakassa og kosningum.

## Samstarf við aðra skóla og stofnanir

Gerð könnun meðal samstarfsaðila um hvernig til tókst, hvað mátti gera betur og tekin ákvörðun um framhaldið. Árskógarskóli - faglegt samstarf. Kátakot- faglegt samstarf auk heimsóknna milli skóla og samvinna með ákveðna þætti s.s. aðlögun milli skólanna. Bókasafn- faglegt samstarf og heimsóknir. Tónlistarskólinn - faglegt samstarf og heimsóknir. Fræðsluskrifstofa - faglegt samstarf. Félagsmálasvið- faglegt samstarf. Heilsugæsla - faglegt samstarf.

**Bókasafn:** Samstarf við bókasafn hófst að hausti 2012 og stóð yfir allt skólaárið. Samstarfið gekk vel og voru heimsóknir á bókasafn einu sinni í viku þar sem starfsfólk bókasafns eða kennarar barnanna lásu fyrir þau og kenndu þeim að umgangast bækur og safnið í heild sinni. Í maí ræddu skólustjóri og safnvörður um verkefnið og var ákveðið að halda því áfram á komandi skólaári. Safnvörðum fannst virkilega skemmtilegt og gefandi að fá börnin í heimsókn og teljum við mikilvægt að börnin fái tækifæri til að kynna bókasafninu, bókakosti og safnamenningu. Í stjórnendahópnum var ákveðið að elstu börnin færu á bókasafnið næsta vetur en þá verða allar deildar aldurshreinar.

**Kátakot:** Samstarf við Kátakot hefur aukist milli ára varðandi samræmingu á dagatölum til að létta á foreldrum er varðar t.d heimsóknir. Einnig er gott samstarf þegar kemur að aðlögun milli skóla.

**Víkurröst:** Útskriftarhópurinn fór í Víkurröst til að prófa klifurvegginn og sjáum við fyrir okkur að við getum nýtt okkur þessa flottu aðstöðu á komandi vetri í samstarfi við þá er málið varðar.

**Tónlistarskólinn:** Samstarf var milli Krílakots og tónlistarskólans í vetur og heppnaðist það vel. Kennari frá tónlistarskólanum kom alla mánudag, var með lag og hljóðfæri mánaðarins og fengu öll börnin að prófa. Skólustjóri Krílakots og kennari tónlistarskólans funduðu í lok vetrar og var ákveðið að halda áfram svipuðu samstarfi næsta vetur. Ákveðið var að funda í haust og gera ákveðið skipulag í sameiningu svo tónlistarstarfið verði heilrænt og skemmtilegt og allir kennarar taki þátt utan föstu tónlistartímanna.

**Fræðsluskrifstofa:** Gott samstarf var milli stjórnenda skólans og fræðsluskrifstofu og góður stuðningur við verkefni s.s. áætlanagerðir, fjárhagsáætlanir, þróunarverkefni og fleira.

**Heilsugæsla:** Samstarf við heilsugæslu gengur vel. Starfsmaður heilsugæslu situr fundi með kennurum og starfsfólki félagsþjónustu og fræðsluviðs um 4 sinnum á ári og oftast eftir þörfum. Stundum gengur starfsmanni heilsugæslunnar illa að fá börn til samstarfs þegar foreldrar mæta með börnin í reglubundið eftirlit. Eftir umræður var ákveðið að starfsfólk heilsugæslu kemur í leikskólana og tekur 2  $\frac{1}{2}$  árs prófið og einnig í Kátakot til



að tak 4 ára prófið. Þetta er að mati kennara mikilvægt skref í átt til farsæls samstarfs milli skóla og heilsugæslu.

**Félagsþjónusta:** Gott samstarf er milli kennara og félagsþjónustu, reglulegir fundir og einnig kemur starfsmaður félagsþjónustu og fylgist með börnunum reglulega og eftir þörfum.

**Lokaorð:** Það er mat skólastjóra að skólaárið 2013-2014 hafi gengið vel og í kjölfar mats hafi verið gerðar breytingar til batnaðar eins og mögulegt er. Starfsmannahald hefur verið nokkuð stöðugt en vegna þess hve börnin eru langan skóladag hefur þurft að óska eftir við starfsmenn að hækka stöðuhlutfall sitt en það er ekki er mikill vilji hjá flestu starfsfólki að vinna lengri vinnudag en 75%. Seinnipartarnir hafa því verið erfiðir og það er því markmiðið að ráða fleira starfsfólk í 100% starfshlutfall þegar svigrúm gefst til að ná endum saman.

Leikskólastjóri  
Drífa Þórarinsdóttir